



Stjórn Arion banka hf.
V.t. Brynjólfur Bjarnason, formaður stjórnar
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2021

Efni: Aðalfundur Arion banka hf. 16. mars 2021 – dagskrárliður 10 varðandi starfskjarastefnu

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að breytingum á gildandi starfskjarastefnu Arion banka en leggur jafnframt fram eftirfarandi bókun við 10. dagskrárlið.

„Ákvæði í starfskjarastefnu um kaupaukakerfi og kaupréttaráætlun Arion banka hf. er mjög opið að mati LV. Í stefnunni kemur ekki fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða starfsmönnum og stjórnendum laun umfram föst laun. Ekki hefur komið fram nægjanlegur rökstuðningur frá stjórn bankans um það af hverju setja þurfi upp árangurstengt launakerfi þar sem laun stjórnenda bankans sýnast að mati LV vera hærri en hjá öðrum íslenskum bönkum og skráðum félögum hér á landi.

LV telur að tilefni sé til að endurskoða starfskjarastefnu félagsins í þeim tilgangi að gera hana skýrari, gagnsærri og ítarlegri. Með því verður skýrara með hvaða hætti stefnan styður við góðan rekstur og langtímasýn félagsins og hluthöfum verður gert betur kleift að taka upplýsta afstöðu til stefnunnar.

LV hvetur stjórn til að kynna nýja stefnu vel fyrir næsta aðalfund félagsins svo hluthöfum gefist nægjanlegur tími til að ígrunda tillögurnar og eiga uppbyggilegt samtal við félagið.

Í þessu sambandi vísar LV m.a. til [hluthafastefnu lífeyrissjóðsins](#) annars vegar og [6. útgáfu](#) leiðbeininga um stjórnarhætti hins vegar sem taka gildi 1. júlí 2021.“



Greinargerð:

Til nánari útskýringar er vísað til eftirfarandi kafla í hluthafastefnu LV og ákvæða í 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti sem taka gildi 1. júlí 2021 en eru um margt áþekk ákvæðum í gildandi leiðbeiningum um stjórnarhætti (5. útgáfa).

Í II. kafla hluthafastefnu LV kemur m.a. fram:

„Ef kjör byggja að einhverju leyti á breytilegum greiðslum skulu þær byggja á efnislegu mati stjórnar/starfskjaranefndar og hafa skýran rekstrarlegan tilgang. LV leggur í þessu sambandi áherslu á að ef starfskjör eru árangurstengd í formi kaupauka (breytileg kjör, annað en föst laun), sé þess gætt að bein tengsl séu á milli langtímamarkmiða félagsins í þágu hluthafa annars vegar og þeirra stjórnenda sem njóta breytilegra kjara hins vegar. Réttur til árangurstengdra launa byggji á viðmiðum til lengri tíma og sé með þeim hætti að sem minnst hætta sé á að sértækir hagsmunir eða skammtímasjónarmið hafi áhrif á þau kjör.“

Framangreinda áherslur endurspeglast m.a. í gr. 2.7.7 í 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti þar sem segir:

„Starfskjarastefna félagsins skal stuðla að því að hagsmunir stjórnarmanna og stjórnenda séu raunverulega tengdir árangri félagsins til lengri tíma litið. Hún skal einnig koma í veg fyrir að starfskjör stjórnenda félagsins hafi þau áhrif að hvetja til óhóflegrar áhættutöku.“

Varðandi leiðbeiningar um stjórnarhætti, 6. útgáfa, kafla 2.7.

LV vísar almennt til kafla 2.7. í 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti en vill samhengisins vegna vísa hér til nokkurra ákvæða. Grunninntakið varðandi starfskjarastefnu í leiðbeiningunum er að:

„Í starfskjarastefnu félags skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Í slíkri stefnu skal jafnframt koma fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar við grunnlaun.“

Varðandi gögn sem skulu liggja til grundvallar starfskjarastefnu er vísað til eftirfarandi í gr. 2.7.3:

„Öll gögn sem liggja að baki starfskjarastefnunni skulu gerð aðgengileg hluthöfum í það minnsta tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins. Gögnin skulu vera þannig úr garði gerð að hluthafar eigi auðvelt með að móta sér skoðun á starfskjarastefnunni og áhrifum hennar.“

Varðandi kostnað við starfskjarastefnu er í leiðbeiningunum m.a. lögð áhersla á mat á heildarkostnaði, atriði varðandi kaupréttarsamninga, áætluðum kostnaði við kaupréttaráætlun, í þeim tilgangi að veita hluthöfum fullnægjandi upplýsingar, sbr. gr. 2.7.4:

„Á aðalfundi skal vekja sérstaka athygli á heildarkostnaði félagsins vegna starfskjarastefunnar og tilgreina heimild til útgáfu kaupréttarsamninga sem geta þynnt hlutafjáreign hluthafa. Á aðalfundi skal enn fremur gerð grein fyrir áætluðum kostnaði vegna kaupréttaráætlana og skýra frá framkvæmd áður samþykkrar starfskjarastefnu.“



Skal þetta gert til að hluthafar geti að fullu áttað sig á efnislegri uppbyggingu starfskjara stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.“

Um aðkomu hluthafafundar að samningum um kauprétti eða annars konar umbunar í formi breytilegra kjara, sjá gr. 2.7.5:

„Ef stefnt er að því að gera samninga við stjórnendur og aðra starfsmenn um kauprétt á hlutabréfum, eða annars konar umbun í öðru formi en föstum launum, skulu helstu ákvæði þeirra samninga og/eða áætlunar lögð fyrir hluthafafund til samþykktar. Með helstu ákvæðum er m.a. átt við heildarfjölda hlutabréfa í áætluninni, hámarkslengd kaupréttarsamninga, tímabil sem starfsmenn mega nýta réttinn, viðmið við ákvörðun kaupverðs og kjör, ef um lán er að ræða.“

Niðurlag

LV kynnir hér afstöðu lífeyrissjóðsins fyrir Arion banka hf. og öðrum hluthöfum í þeim tilgangi að framangreint geti nýst við endurskoðun starfskjarastefnunnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Lífeyrissjóðs verzlunarmanna,

Arne Vagn Olsen,
forstöðumaður eignastýringar